

## Ársskýrsla 2019



Valgerður Gunnarsdóttir

Skólameistari

# Ársskýrsla Framhaldsskólans á Húsavík

## 2019

### 1. Almenn starfsemi

Framhaldsskólinn á Húsavík er bóknámsskóli á framhaldsskólastigi sem starfar eftir áfangakerfi. Á vorönn 2019 voru nemendur 101, að meðtöldum fjarnámsnemendum og ársnemendur 65.2 en á haustönn 2019 voru nemendur, að meðtöldum fjarnámsnemendum 106 og ársnemendur 70.93.

Skólinn býður upp á þrjár 200 eininga brautir til stúdentsprófs, þ.e. félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut og opna stúdentsbraut. Haustið 2018 var farið af stað með 200 eininga nám á heilsunuddbraut í samstarfi við Fjölbrautarskólann við Ármúla. Einnig er starfrækt starfsbraut fyrir nemendur með fötlun. Sú braut er 240 einingar, en þó er hún skipulögð þannig að nemendur útskrifast eftir 4 ár óháð einingafjölda. Jafnframt er starfrækt 90 eininga almenn braut sem áætlað er að taki nemendur 3-4 annir að ljúka. Almenn braut er hönnuð fyrir nemendur sem ekki hafa náð hæfniviðmiðum grunnskólans þegar í framhaldsskóla er komið.

Allar brautir skólans hafa verið samþykktar af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Unnið er stöðugt að uppfærslu skólanámskrár í samræmi við kröfur aðalnámskrár á heimasíðu skólans. Stefnt er að því að ný heimasíða verði tilbúin á vorönn 2020.

Í Framhaldsskólanum á Húsavík er lögð áhersla á að nemendur geti komið sínum hugmyndum um skólastarf á framfæri og tillit tekið til þeirra óska, eins og hægt er. Í því skyni er haldinn skólafundur á hverju ári og var slíkur fundur haldinn um miðjan október 2019. Áhersla er lögð á að fjölga nemendum við skólann með því að efla fjarnám og markvissum skólakynningum og samstarfi við staðarnemendur. Reglulega er unnið að því að kennarar fái aukna þjálfun í fjarkennslu með aðfengnum námskeiðum, sem hafa reynst vel til viðbótar við fyrri reynslu kennara af fjarkennslu.

Framhaldsskólinn á Húsavík tekur virkan þátt í að ná markmiðum stjórnvalda varðandi nám á framhaldsskólastigi með því að leggja áherslu á að nemendur nái að ljúka námi á tilskildum tíma. Í þessum tilgangi er m.a. boðið upp á undirbúningsnám á 1. hæfniprepi í íslensku, ensku og stærðfræði, auk þess að bjóða upp á sérstaka stuðningsáfanga fyrir nemendur sem eiga á brattann að sækja í bóklegu námi. Jafnframt er boðið upp á virka námsráðgjöf og aukatíma í áföngum eftir þörfum. Námsráðgjöf var á árinu 2019 í 50% starfshlutfalli, hafði verið aukin úr 30% á árinu 2018, enda sívaxandi þörf fyrir slíka aðstoð hjá nemendum og mikilvægt að sinna öllum nemendum eins og þörf er á.

Framhaldsskólinn á Húsavík er aðili að Fjarmentaskólanum, sem er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið samstarfsins er að efla námsframboð á landsbyggðinni og auka faglegt samstarf skólanna t.d. með því að miðla námi og kennslu á milli þessara skóla og halda reglulega fundi. Skólinn er sömuleiðis í samstarfi við framhaldsskólana á Norðausturlandi, Samnor, en aðildarskólar þar eru FSH, FL, MA, VMA og MTR. Unnið er eftir samstarfssamningi sem undirritaður var í desember 2015. Eitt af verkefnum skólanna í Samnor er að þróa og bjóða sameiginlega upp á „sérhæfingarpakka“ sem hentað gætu nemendum sem útskrifast af opnum stúdentsbrautum. Þegar er í þróun sérhæfingarpakki í tónlist en rætt hefur verið um fleiri slíka pakka, s.s. tengda ferðamálum, íþróttum, tölvuleikjasmíði og útivist með meiru. Á haustönn 2018 var kenndur í fyrsta skipti áfangi í útivist við Framhaldsskólann á Húsavík, sá áfangi var einnig kenndur á árinu 2019 og verður áfram.

## 2. Tölulegar upplýsingar fyrir skólastarfið 2019

### Vorönn 2019

#### 1. Fjöldi nemenda

- a. Fjöldi nemenda eftir töflubreytingar: 101
- b. Fjöldi nýnema: 10 (0 beint úr Borgarhólsskóla)
- c. Fjöldi endurinnritaðra: 8
- d. Fjöldi óvirkra útskriftarnema: 0
- e. Ársnemendur eftir töflubreytingar: 65,2
- f. Ársnemendur sem fara í próf: 62,53
- g. Fjöldi P- og U-nemenda: P = 4U = 0
- h. Fjöldi fjarnema: 30 (skráðar einingar: 175 staðnar:100)
- i. Fjöldi nema í gegnum Fjarmentaskólann =0 (skráðar einingar: staðnar einingar:)
- j. Fjöldi dreifnema: 0

#### 2. Skólasókn

- a. Dreifing mætingar og meðaltal: Sjá Excel skjal
- b. Fjöldi þeirra sem féllu á mætingu: 0 nemendum var vísað úr námi í heild vegna mætingar og nemendum var vísað úr áföngum vegna mætingar 0.
- c. Heildarfjöldi sem hættu á önninni: 4
- d. Þar af brotthvarf 16 ára 1. árs nema: 0
- e. Þar af brotthvarf fjarnema: 0
- f. Þar af brottfall Fjarmentaskólanema: 0
- g. Fjöldi með frjálsa mætingu: 5 (þar af útskriftarnemar 3)
- h. Fjöldi nemenda með vottorð: 4

### 3. Brottfall

- a. Fjöldi eininga, sem nemendur eru skráðir í eftir töflubreytingar: 1956
- b. Fjöldi staðinna eininga: 1666
- c. Mismunur liða a og b: 290
- d. Fall og brottfall í prósentum: 14,8%
- e. Fjöldi eininga 0: 45
- f. Fjöldi eininga H: 66
- g. Fjöldi eininga V: 0
- h. Brottfall í prósentum: 5,67%
- i. Brottfall ársnemenda: 4,09%

### 4. Einkunnir

- a. Heildareinkunnadreifing: Sjá Excel skjal
- b. Heildarfall (%): 12,3%

Einkunnir 1-4 og F: 7,2%

Einkunn H og 0 og V: 5,1%

- c. Fallið greint eftir einstökum áföngum, sjá einkunnadreifingu í Innu

### 5. Nemendur eftir töflubreytingar flokkaðir eftir kyni og braut:

- a. FV (félags- og hugvísindabraut – nýtt kerfi): 23
  - a. Konur: 15
  - b. Karlar: 8
- b. NV (náttúruvísindabraut – nýtt kerfi): 17
  - a. Konur: 9
  - b. Karlar: 8
- c. OS (opin stúdentsbraut – nýtt kerfi): 19
  - a. Konur: 8
  - b. Karlar: 11
- d. AB (almenn námsbraut): 6
  - a. Konur: 2
  - b. Karlar: 4
- e. ÓTN (ótilgreind námsbraut): 8
  - a. Konur: 6
  - b. Karlar: 2
- f. NN (heilsunuddbraut): 21
  - a. Konur: 19
  - b. Karlar: 2
- g. ST (starfsbraut): 7
  - a. Konur: 1
  - b. Karlar: 6
- h. VSS (viðbótarnám til stúdentsprófs): 0

- a. Konur: 0
- b. Karlar: 0
- i. GD (grunnskóladeild): 0
  - a. Konur: 0
  - b. Karlar: 0
- j. Konur af heildarfjölda nemenda: 60
- k. Karlar af heildarfjölda nemenda: 41

## Haustönn 2019

### 1. Fjöldi nemenda

- a. Fjöldi nemenda eftir töflubreytingar: 106
- b. Fjöldi nýnema: 37 (17 beint úr Borgarhólsskóla)
- c. Fjöldi endurinnritaðra: 7
- d. Fjöldi óvirkra útskriftarnema: 0
- e. Ársnemendur eftir töflubreytingar: 70,93
- f. Ársnemendur sem fara í próf:
- g. Fjöldi P- og U-nemenda: P = 0U = 0
- h. Fjöldi fjarnema:30 (skráðar einingar: 181 staðnar:)
- i. Fjöldi nema í gegnum Fjarmentaskólann =10 (skráðar einingar: 50 staðnar einingar:)
- j. Fjöldi dreifnema: 0

### 2. Skólasókn

- a. Dreifing mætingar og meðaltal: Sjá Excel skjal
- b. Fjöldi þeirra sem féllu á mætingu: 0 nemendum var vísað úr námi í heild vegna mætingar og nemendum var vísað úr áföngum vegna mætingar 1.
- c. Heildarfjöldi sem hættu á önninni:2
- d. Þar af brotthvarf 16 ára 1. árs nema:
- e. Þar af brotthvarf fjarnema: 5
- f. Þar af brottfall Fjarmentaskólanema: 1
- g. Fjöldi með frjálsa mætingu: 3 (þar af 1 útskriftarnemi )
- h. Fjöldi nemenda með vottorð: 2

### 3. Brottfall

- a. Fjöldi eininga, sem nemendur eru skráðir í eftir töflubreytingar: 2128
- b. Fjöldi staðinna eininga: 2030
- c. Mismunur liða a og b: 98
- d. Fall og brottfall í prósentum: 4,6%
- e. Fjöldi eininga 0: 10

- f. Fjöldi eininga H: 110
- g. Fjöldi eininga V: 0
- h. Brottfall í prósentum: 5,63%
- i. Brottfall ársnemenda: 2,25%

#### **4. Einkunnir**

- a. Heildareinkunnadreifing: Sjá Excel skjal
- b. Heildarfall (%): 9,8%

Einkunnir 1-4 og F: 4,7%

Einkunn H og 0 og V: 5,1%

- c. Fallið greint eftir einstökum áföngum, sjá einkunnadreifingu í Innu

#### **5. Nemendur eftir töflubreytingar flokkaðir eftir kyni og braut: 106**

- a. FV (félags- og hugvísindabraut – nýtt kerfi): 15
  - a. Konur: 11
  - b. Karlar: 4
- b. NV (náttúruvísindabraut – nýtt kerfi): 17
  - a. Konur: 12
  - b. Karlar: 5
- c. OS (opin stúdentsbraut – nýtt kerfi): 14
  - a. Konur: 6
  - b. Karlar: 8
- d. AB (almenn námsbraut): 11
  - a. Konur: 1
  - b. Karlar: 10
- e. ÓTN (ótilgreind námsbraut): 16
  - a. Konur: 11
  - b. Karlar: 5
- f. NN (heilsunuddbraut): 19
  - a. Konur: 18
  - b. Karlar: 1
- g. ST (starfsbraut): 8
  - a. Konur: 2
  - b. Karlar: 6
- h. SS (viðbótarnám til stúdentsprófs): 2
  - a. Konur: 2
  - b. Karlar: 0
- i. GD (grunnskóladeild): 4
  - a. Konur: 3
  - b. Karlar: 1

- j. Konur af heildarfjölda nemenda: 66
- k. Karlar af heildarfjölda nemenda: 40

### 3. Kennsla og stjórnun

Á skólaárinu 2019 voru 19 starfsmenn við FSH í 14,2 stöðugildum. Þar af voru 12 kennarar í 9,9 stöðugildum; 7 konur og 5 karlar. Starfsaldur starfsfólks var á bilinu 0-32 ár. Fjórir karlkennarar eru komnir á kennsluafslátt vegna aldurs. Allir kennarar við skólans hafa kennsluréttindi. Alls kenndu 10 af kennurunum þá námsgrein sem þeir lærðu í háskóla. Flestir kennarar kenndu fleiri en eina námsgrein, en þær hafa yfirleitt sterk tengsl við þá grein sem kennsluréttindin byggja á.

Námsráðgjafi var í 50% starfshlutfalli, félagsmála- og forvarnarfulltrúi í 10% starfi. Skólameistari var í 100% starfi og aðstoðarskólameistari var í 100% starfi. Skrifstofu- og fjármálastjóri var í 100%, húsvörður og ræstitæknir í 100% starfi. Hjúkrunarfræðingur var með viðveru 2 klst. tvisvar í viku skv. samningi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Kerfisfræðingur var með viðveru 2 klst. á viku skv. samningi við Advania.

Kennsluaðferðir eru mjög fjölbreyttar og kennarar metnaðarfullir í sínum störfum. Kennsluhættir byggja á mikilli þátttöku nemenda, leiðsagnarmati, miðannarmati og vörðuviðtölum, þar sem áhersla er lögð á að nemendur séu meðvitaðir um námslega stöðu sína og hvað þarf til að bæta hana. Vægi beinna prófa fer minnkandi og meira er um símat í áföngum. Áföngum sem eru ekki með lokapróf fer því fjölgandi.

### 4. Áhersluverkefni

Á skólaárinu 2019 var lögð áhersla á að efla enn frekar leiðsagnarmat og fjarnám við skólann, fjölbreytni í kennsluaðferðum auk þess sem boðið var upp á heilsunuddbraut í samstarfi við Fjölbrautaskólann við Ármúla.

#### Leiðsagnarmat

Árið 2019 var unnið að frekari eflingu leiðsagnarmats í samræmi við áherslur í Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Vörðuvikur þar sem kennarar hitta nemendur og fara yfir stöðu hans, líðan og framvindu í námi voru tvisvar á hvorri önn. Þetta er mikilvægur stuðningur við nemandann og nám hans. Á vorönn 2019 var kennurum boðið upp á námskeið í fjölbreyttum kennsluaðferðum að styrkja þann þátt í starfi skólans, auk þess sem áfram var unnið með mikilvægi vörðuviðtala og leiðsagnarmats. Björk Pálmadóttir sérfræðingur frá Tröppu var leiðbeinandi á því námskeiði. Leiðsagnarmat er nú orðinn fastur þáttur í öllum áföngum. Haldið var áfram með útfærslu vinnustunda, þar sem nemendur fá aðgang að kennurum sínum við ýmsa verkefnavinnu og geta leitað leiðsagnar hjá einstökum kennurum í einstökum greinum.

#### Fjarnám

Þar sem staðarnemendum hefur fækkað með styttingu náms til stúdentsprófs hefur skólinn lagt áherslu á að auka nemendafjölda með framboði á fjarnámi. Boðið var upp á fjarnám í

flestum bóklegum áföngum við skólann á skólaárinu 2019. Á árinu 2018 var festur í sessi til frambúðar ákveðinn rammi um utanumhald fjarnáms og fjarnámskennslu, með það að markmiði að starfseminn yrði markvissari og skilvirkari fyrir nemandann. Með þessu móti skapast ákveðinn taktur í náminu sem mikilvægur er fyrir þá nemendur sem ekki sækja kennslustundir með reglulegum hætti.

### **Nám á heilsunuddbraut**

Á haustönn 2019 hófst formlegt verknám á heilsunuddbraut við Framhaldsskólann á Húsavík í samstarfi við Fjölbrotaskólann við Ármúla í fyrsta skipti. Kennari var Helga Björg Sigurðardóttir löggiltur heilsunuddari. Nám á heilsunuddbraut er 200 framhaldsskólaeiningar og eru námslok á 3. hæfniprepi. Skipulag samstarfs FSH og FÁ er með þeim hætti að hluti námsins fer fram í dagskóla, fjarnámi eða í lotum frá FSH en hluti bóklega námsins fer fram í fjarnámi frá FÁ. Á haustönn 2019 hófu 19 nemendur nám á brautinni en á vorönn 2019 voru nemendur á heilsunuddbraut í bóklegu námi 21.

## **5. Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2019**

### **Kjarnastarfsemi**

#### **Markmið 1 - Að draga úr brotthvarfi nemenda.**

Fyrsta markmið var að draga úr brotthvarfi nemenda. Mælikvarðar þar snéru að kenndum áföngum á almennri braut, brottfalli ársnemenda og hlutfalli nemenda í NÁMI1NH01(01) og NÁMI1NH01(02) sem er virkur á næstu önn.

Gögn lögð til grundvallar voru áfangaframboð og kennsluskipting tengt áföngum á almennri braut, skýrsla aðstoðarskólameistara tengt brottfalli ársnemenda og nemendabókhald tengt hlutfalli nemenda sem er virkur á næstu önn.

Staðan árið 2019 var þannig að brottfall ársnemenda var 5.67 % á vorönn og 5.63% á haustönn.

Aðgerðir sem farið var í til þess að ná settum markmiðum var að halda úti séráföngum almennrar brautar, halda úti vörðuviku, miðannarmati og vinnustundum. Áfanginn Námstækni og hvatning hefur einnig verið í stöðugri þróun fyrir nemendur almennrar brautar sem er hugsaður fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með bóklegt nám.

#### **Markmið 2 - 30 einingar á önn**

Annað markmið FSH var að fleiri nemendur lykju 30 einingum á önn. Mælikvarðar þar snéru að viðhorfum nemenda til verkefnatíma, að í námsáætlun sé skýrt hvernig mat fer fram og að vörðuviðtöl séu tekin og að heilsuráð sé áfram virkt innan skólans.

Gögn lögð til grundvallar voru könnun innra matsnefndar, námsáætlanir, vörðuviðtöl og fundargerðir heilsuráðs og skýrsla verkefnastjóra.

Staðan árið 2019 var sú að skýrt var kveðið á um vörðuviðtöl og námsmat í 100% námsáætlana á vorönn 2019 en í 100% tilfella á haustönn 2019. Heilsuráð er áfram virkt við skólann og er



skipað í það við upphaf hvers skólaárs. Viðhorf nemenda til vinnustunda var kannað á skólafundi á haustönn 2019 og kom í ljós að meiri hluti nemenda telur sig hafa gagn af vinnustundum og vill að þær séu til staðar.

Aðgerðir sem farið var í til þess að ná settu markmiði var að útbúa, innleiða og endurskoða nýja stокkatöflu með verkefnatímum. Leiðsagnarmat var viðhaft í öllum áföngum og haldið var áfram með starfsemi heilsuráðs og þá sérstaklega „Heilsumarkmiðin mín“.

### **Markmið 3 -Uppfærð skólanámskrá**

Þriðja markmið FSH var að uppfæra skólanámskrá til samræmis við nýja aðalnámskrá framhaldsskóla. Mælikvarðarnir sem þar voru lögð til grundvallar voru hlutfall yfirfarinna kafla á heimasíðu, birting endurritaðra skólareglna og birting endurritaðra stefna á heimasíðu skólans.

Gögn lögð til grundvallar byggja á uppfærslu heimasíðu skólans.

Staðan árið 2019 var sú að hlutfall yfirfarinna kafla á heimasíðu skólans var um 90%, 100% endurritaðra skólareglna höfðu verið birtar á heimasíðu skólans. 90% af stefnum skólans voru endurritaðar og birtar á heimasíðu skólans árið 2019.

Aðgerðir sem farið var í til þess að ná settu markmiði var að uppsetning skólanámskrár skólans á heimasíðu skólans sé í samræmi við það sem kveðið er á um í Aðalnámskrá framhaldsskóla. Reglur skólans voru endurskoðaðar og umritaðar, t.d. skólasóknarreglur. Stefnur skólans voru endurskoðaðar og umritaðar, t.d. jafnréttisstefna, umhverfisstefna og starfsmannastefna

### **Rekstrarþættir**

#### **Markmið 1 - Bætt fjárhagsstaða**

Fyrsta markmið skólans þegar kemur að rekstrarþáttum var að bæta fjárhagsstöðu skólans. Mælikvarðarnir sem lagðir voru til grundvallar því markmiði voru að lækka kostnað við tölvu- og netþjónustu, draga eins og unnt var úr yfirvinnu starfsmanna og auka leigutekjur af húsnæð skólans með útleigu til ýmissa aðilja.

Staðan árið 2019 var sú að reikningar til tölvu- og netþjónustu hljóða uppá um 3.445.397 krónur miðað við 6.5 m.kr. 2018. Innheimt húsaleiga árið 2019 var 1.124.000 krónur. Hlutfall yfirvinnu í launakostnaði var tæp 5 % sem er hækkun frá fyrra ári um 2.5 %. Það skýrist af því einn starfsmaður var í veikinda- og barnsburðarleyfi í 4 mánuði og þann tíma tók annar starfsmaður hans starf í yfirvinnu.

Reynt var að draga úr neikvæðum áhrifum hækkunar húsaleigu með því að leigja húsnæði út í auknum mæli, sem gekk þó ekki að fullu eftir á árinu 2019. Dregið var úr yfirvinnu með því að kennarar með aldursafslátt kenndu sem næst stöðugildi sínu og að kennarar almennt kenndu lítið meira en sem nam stöðugildi sínu.

#### **Markmið 2 - Endurnýjun tækjabúnaðar**

Annað markmið FSH snýr að endurnýjun tækjabúnaðar í samræmi við þarfir. Mælikvarðarnir til grundvallar voru að tölvur starfsmanna sem eru orðnar eldri en 4-5 ára verði endurnýjaðar,

skjávarpar endurnýjaðir eftir þörfum eða nýjum komið fyrir í rými sem breytt hefur verið. Að vinna að öðrum kostum um tölvu- og netsamband en gegnum netþjón skólans.

Staðan árið 2019 var sú að 90 % af eldri tölvum höfðu verið endurnýjaðar og 40 % skjávarpa höfðu verið endurnýjaðir. Vinna var hafin á haustönn 2018 við endurnýjun á tölvu- og netsambandi og lauk þeirri vinnu í upphafi árs 2019.

Þær aðgerðir sem farið var í var að endurnýja úreltan tölvukost, leggja drög að kaupum á skjávörpum í upphafi árs 2019 og leggja niður gamlan netþjón í skólanum og útvista netþjóni í ský með samningi við Advania um áramót 2018-2019.

### **Markmið 3 - Endurnýjun húsgagna og búnaðar**

Þriðja markmið rekstrarþátta FSH var að endurnýja húsgögn og húsbúnað í samræmi við þarfir. Mælikvarðarnir voru endurnýjun húsgagna í skólastofum og kaup á nuddbekkjum fyrir verklegt nám á heilsunuddbraut.

Staðan árið 2019 var sú að 90 borð og stólar voru keypt inn í kennslustofur, 3 ný upphækkanleg kennaraborð og þrjú stólar. Keyptir voru 10 nuddbekkir fyrir heilsunuddbraut. Endurnýjuð voru alveg frá grunni húsgögn á skrifstofu skólameistara og aðstoðarskólameistara. Endurnýjaður var borðbúnaður á kennarastofu. Þrjú skjávarpar og 7 fartölvur voru endurnýjaðar á árinu 2019. Keypt voru hljóðkerfi í tvær stofur. Endurnýjuð húsgögn að hluta á Starfsbraut.

## **6. Fjármál og rekstur**

Mikil fjárfesting og eignakaup áttu sér stað á árinu 2019, enda var komin gríðarleg viðhaldsþörf á búnaði skólans og aðbúnaði og kennslutækjum fyrir kennara. Á árinu 2020 verður áfram farið í endurnýjun á búnaði, meðal annars á skrifstofu fjármálastjóra og á bókasafni. Því er mikilvægt að samanlagður rekstrarafgangur áranna 2018- 2019 skili sér áfram inn í rekstur skólans. Þrátt fyrir það verður áfram lögð áhersla á aðhald og sparnað en mikilvægt að það komi ekki niður á starfsemi skólans.

Samkvæmt drögum að ársreikningi fyrir árið 2019 er launakostnaður 156.040.165 krónur. Húsaleiga er krónur 32.541.608. Fjárfestingar og eignakaup 14.212.156 krónur. Annar rekstur er 10.364.459, þar er meðtalinn kostnaður sífjölgaði þjónustusamninga, vegna innleiðinga á lögbundnum kröfum um m.a. persónuvernd, skjalastjórnun, flokkun og skráningu, jafnlaunavottun, samstarf milli framhaldsskóla og ýmissa fastra rekstrarsamninga. Gjöld eru því alls 213.158.388. Rekstarniðurstaða er því neikvæð um 9.999.896 krónur. Uppsafnaður hagnaður nám í ársbyrjun 2019 alls 20.528.239. Að frádreginni neikvæðri niðurstöðu ársins 2019 og breytingum á árslokastöðu skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis að upphæð kr. 5.339.121 eru jöfnuð ársins 2019 kr. 5.189.222. Meðfylgjandi eru drög að ársreikningi frá Fjársýslu ríkisins.

## 7. Upplýsingar um sérstakar áherslur skólans í námi og kennslu

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur það að leiðarljósi að vinna í samræmi við einkunnarorð sín sem eru **Frumkvæði – Samvinna – Hugrekki**. Lögð er áhersla á að þeir þættir sem endurspeglast í einkunnarorðunum liti allt daglegt starf skólans.

Við leggjum áherslu á að efla frumkvæði nemenda.

Efling **frumkvæðis** hefur það að markmiði:

- að hlúa að styrkleikum hvers og eins og hvetja nemendur til skapandi hugsunar og skapandi starfs
- að hvetja nemendur til þess að sjá nýjar leiðir og lausnir á fjölbreyttum úrlausnarefnum.

Við leggjum áherslu á mikilvægi samvinnu allra þeirra sem í skólanum starfa, bæði nemenda og starfsfólks, í öllu daglegu starfi.

**Samvinna** og samstarf hefur það að markmiði:

- að þjálfar nemendur í lýðræðislegu starfi og lýðræðislegri hugsun
- að þroska með nemendum hæfileikann til þess að setja sig í spor annarra og bera virðingu fyrir ólíkum viðhorfum, og sýna umburðarlyndi, skilning og þolinmæði í samskiptum við aðra
- að nemendur öðlist dýpri skilning á hugtökum á borð við frelsi, jafnrétti og systkinalag með því að þeir fái frelsi til að tjá skoðanir sínar og taka ákvarðanir um nám sitt, hafi jöfn tækifæri til þátttöku og áhrifa án tillits til félags- og efnahagslegrar stöðu, hæfni, reynslu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúarafstöðu, kynþáttar eða þjóðernis. Að nemendur efli samskiptahæfni sína með því að vinna með öðrum að fjölbreyttum viðfangsefnum, læri að leysa úr ágreiningi, vinni gegn mismunun og einelti, öðlist meiri sjálfsaga og taki ábyrgð á eigin gerðum
- að vinna með nærsamfélagi skólans að því að þroska grenndarvitund nemenda og stuðla með þeim hætti að því að nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á nærsamfélagi sínu og því umhverfi sem þeir eru hluti af.

Við leggjum áherslu á að efla hugrekki nemenda í daglegu starfi sínu.

Efling **hugrekkis** hefur það að markmiði:

- að efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu nemenda með því að hvetja þá til þess að sýna sjálfum sér og öðrum umhyggju og virðingu
- að nemendur fái þá hvatningu og stuðning sem þarf til að þeir sjái hvers þeir eru megnugir.

- að nemendur hafi kjark og þor til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir, standa með sjálfum sér og lifa heilbrigðu lífi.